

Jón Eiríkur Guðmundsson
Bygginga- og skipulagsfulltrúi Kjósarhepps
Kjósarhreppur
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

28. ágúst 2017
UST201708-074/B.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Eilífsdalur

Vísað er í erindi bygginga- og skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps er barst 11. ágúst sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulagstillögu í landi Eilífsdals. Deiliskipulagið nær utan um íbúðarhús, bílskúr og aflögð útihús. Gert er ráð fyrir breytttri landnotkun á 1,2 ha landspildu þar sem til stendur að taka alifuglahús ásamt landspildu í kringum það undir ferðapjónustu.

Skipulagssvæðið

Eilífsdalur í Kjós er lögbýli. Þar var áður stundaður blandaður búskapur, en sú starfsemi er aflögð og nú er stundaður tómstundabúskapur í litlum mæli. Stærð lögbýlisins er 1.181 ha.

Náttúruminjaskrá

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár.

Framkvæmdir

Í greinargerð kemur fram að aflagt alifuglahús verður tekið undir ferðapjónustu. Þar er gert ráð fyrir gistingu fyrir 20 manns eftir fyrsta áfanga. Í deiliskipulagstillögu kemur fram að heimilt er að stækka alifuglahúsið í áföngum upp í allt að 600m² að stærð.

Fráveita


Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umsögn

Þar sem svæðið er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár þá bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að í greinargerð komi fram þau mögulegu umhverfisáhrif sem framkvæmdir kunna að hafa í för með sér.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að byggingin verði á einni hæð og að áhersla sé að byggingar falli vel að umhverfinu.

Virðingarfyllst



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur